

LÍKA2BF01

Boltaáfangi: knattspyrna, körfubolti og blak.

Áfanginn er valáfangi í kjarna á öllum brautum.

Undanfari:

Nemendur þurfa að hafa lokið eftirfarandi áfanga: LÍKA2AA01.

Stutt lýsing á efni áfangans:

Áfanginn inniheldur eingöngu verklegt nám. Nemendur bæta þol og styrk og auka færni sína í ofantöldum greinum.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Hreyfing, þol, styrkur, tækni, hraði, liðleiki, úthald, samvinna.

Námsmat:

1. Mæting (1 klst. í töflu auk 7x 30 mín) gildir 70%
2. Ástundun og kennaraeinkunn 30%.

Nemandi þarf að ná lágmarkseinkunn í báðum námsmatsþáttunum til að standast áfangann. Við mat á ástundun og kennaraeinkunn er tekið tillit til framfara, framkomu, vinnu og virkni í tímum og hvort nemendur hafa lagt sig fram um að bæta form sitt og líkamsástand.
